

Skólanámskrá Víkurskóla 2025-2026

Íslenska

Kennari: Fjóla Karlsdóttir

Grunnþættir menntunar

Hér að neðan eru linkar í rit um grunnþætti menntunar



Íslenska við lok 10. bekkjar		
Námsþættir	Hæfniviðmið nemandi getur:	Námsleiðir: nemandi getur:
Talað mál, hlustun og áhorf		
Talað mál, hlustun og áhorf	flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi,	flutt texta á skýran og áheyrilegan hátt,



Framsögn	miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum	komið þekkingu sinni á framfæri á fjölbreyttan hátt og fært rök fyrir máli sínu
Hlustun áhorf	horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnninn hátt,	horft og hlustað og miðlað þeirri þekkingu sinni og fært rök fyrir máli sínu
Nýting miðla	nýtt sér fjölbreytta hljóð og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.	sótt sér upplýsingar í hljóð og myndmiðla og tekið afstöðu til þess sem þar er birt
Lestur lesskilningur		
Lesfimi	lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni,	lesið alls konar texta, skýrt og vel
Lestraraðferðir	valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni,	beitt mismunandi lestraraðferðum eftir gerð texta
Orðaforði	beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn,	skrifað og lesið texta með fjölbreyttum orðaforða, náð samhengi og skilið hvað textinn fjallar um.
Lesskilningur	skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika,	skilið mismunandi texta og lagt mat á þá
Lestrarmenning	valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.	lesið sér til gagns og ánægju og miðlað því til annarra
Bókmenntir.		

Lestur og túlkun bókmennta	lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir,	lesið mismunandi bókmenntir
Bókmenntagreining	beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum,	þekkt og metið mismunandi bókmenntahugtök frá ýmsum tímum
Bókmenntaarfurinn	lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð,	lesið og skilið bókmenntir frá fyrri tímum.
Ljóð	notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.	túlkað og skilið bundið mál og óbundið
Mál og málnotkun.		
Einkenni málsins	beitt málfræðipekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun,	þekkt og kunnað málfræðihugtök og nýtt hana í eigin málnotkun
Fjölbreytt málnotkun	áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsmiði eftir efni og tilefni í ræðu og riti,	beitt fjölbreyttum orðaforða eftir efni og tilefni
Sköpunarkraftur	áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap,	geti beitt sköpunarmætti við notkun málsins, í ritun, tali o.s.frv.
Orðflokkar	áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum	þekkt mismunandi orðflokka
Orðtök og málshættir	beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu,	þekkt orðtök og málshætti
	nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.	notað hjálpartæki til að afla sér upplýsinga